


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



Kraftaverk
Elísa



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Lazarus; Alastair Paterson

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2021 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.




Hann var að plægja með 12 sameykjum og vantaði einn uxann, en Elísa lét það ekki aftra sér, heldur lét hann sig hafa það og tók sjálfur stað uxans sem vantaði. Hann hlýtur að hafa verið hraustur, hugvitssamur og harðduglegur maður.





Á meðan Elísa var að plægja, kom Elía spámaður og kallaði á hann. Elísa yfirgaf þá bú sitt til þess að þjóna Guði. Dag nokkurn tók Guð Elía upp til himna í stormviðri. Þá var Elísa orðinn spámaður Guðs til Ísraels.





Sorgmæddur yfir brottför Elía,
Elísa bað Guð að gefa sér kraft
eins og hann hafði gefið Elía.
Síðan tók hann upp skikkju Elía, og
sló á rennandi vatnið eins og
Elía hafði gert. Vatnið

klofnaði og skipti
sér til beggja hliða.
Þá vissi Elísa að
Guð var með honum.






Á leið sinni til Betel
mætti Elísa hópi
unglinga sem hæddu
hann og kölluðu til
hans, "Farðu upp
skallahaus". Elísa
snéri sér við, leit til
þeirra, og formælti
þeim í nafni
Drottins. Þá komu
tvær birnur út úr
skóginum og rifu í
sundur 42 þeirra.




Dag nokkurn hitti Elísa ekkju eina er átti í erfiðleikum með að borga skuldir látins eiginmanns síns. Lánardrottinnar hennar ætluðu að koma og taka syni hennar sem þræla uppí skuldina.


“Farðu og fáðu lánuð ílát hjá öllum nágrönnum þínumtóm ílát,” sagði Elísa. Nú var eitthvað undursamlegt um það bil að ske hjá konunni.



Ekkjan átti aðeins eina litla krús af olíu heima hjá sér. En olían úr litlu krúsinni hélt áfram að renna og fyllti öll ílátin sem fengin voru að láni. Ef ekkjan hefði haft baðker í húsinu, mundi Guð hafa fyllt það líka? Ekkjan seldi síðan megnið af olíunni, og bjargaði þannig sonum sínum.




Kona nokkur og
maður hennar,
útbjuggu lítið
herbergi á
heimili sínu
fyrir Elísa er
hann átti leið
um. Þau settu
rúm, borð, stól
og lampa í
herbergið, sem
þau tileinkuðu
Elísa er hann
kom í heimsókn.



Elísa velti fyrir sér hvernig hann gæti endurborgað góðsemi hjónanna. Þegar honum lærðist að þau væru barnlaus, sagði hann við konuna, eitthvað sem hún átti erfitt með að trúa. "Um þetta leyti næsta árs, munt þú faðma að þér son þinn." Ári síðar, ól konan son.



Nokkrum árum síðar er drengurinn var úti á akri með föður sínum. "Æ, höfuðið á mér, höfuðið á mér" sagði hann. Drengurinn var borinn til móður sinnar og dó í kjöltu hennar um hádegisbilið.



Móðirin tók skjóta ákvörðun. Hún lét þjón sinn söðla
asnann í snatri, og hvatti hann til að fara fljótt yfir
til að finna Elísa. Elísa kom, fór uppá loft, og bað til
Guðs. Guð vakti drenginn aftur til lífs. Elísa kallaði
þá á móðurina til að hlúa að syni sínum.
Þvílíkt kraftaverk!




Sýrlenski hershöfðinginn
Naaman var bæði hugaður
og sterkur og í hávegum
hafður hjá konungi, en
þjáðist af líkþrá.



Kona Naamans hafði unga stúlku sem þræl er hafði verið tekin til fanga í Ísrael. Hún sagði við húsmóður sína, "Ég vildi að Naaman mundi fara til spámannsins í Samariú, þá mundi hann lækna af líkþránni."



Naaman lagði af stað án tafar til að hitta spámanninn.
Hann tók með sér falleg klæði, silfur og gull, til gjafa.



Þá sendi Elísa fylgdarmann sinn til að segja honum, "Farðu og baðaðu þig 7 sinnum í Jórdan og þú munt heill verða."

Naaman reiddist við. Því gæti hann ekki alveg eins baðað sig úr hinum hreinu, fersku ám Sýrlands? Í reiðinni snéri hann við og hélt heim á leið.






Sem betur fór, fyrir Naaman, tókst þjónum hans að sannfæra hann um að hlýða orðum Elísa.

Naaman fór nú og baðaði sig 7 sinnum í ánni og læknaðist hann eins og Elísa hafði sagt. Þá trúði Naaman á hinn eina sanna Guð, Guð Elísa, sem hafði læknað hann af líkþránni.





Guð hélt áfram að nota Elísa eftir dauða hans. Dag einn var maður grafinn í hellinum sem Elísa hafði verið grafinn löngu áður. Er líkami dauða mannsins snart bein spámannsins, lifnaði maðurinn við og reis upp. Guð, svo sannarlega, sýndi sinn mikla kraft í gegnum þennan trúfasta og dygga þjón sinn.



Kraftaverk Elísa

Sögu þessa úr heilagri ritningu, Biblíunni,

er að finna í

Fyrri Konungabók 19,
og Síðari Konungabók 2-13

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

